

Stjórnarfundur FUM

12. janúar 2018 kl. 14–15

Fundinn sátu:

- Kolbrún Pálsdóttir formaður
- Annadís Gréta Runólfsdóttir
- Birna María Svanbjörnsdóttir (HA) (í gegnum skype)
- Guðlaug Erlendsdóttir (í gegnum skype)
- Guðrún Ragnarsdóttir
- Sólveig Jakobsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Ráðstefna í maí
2. Starfsemi FUM 2018
3. Útgáfustarfsemi
4. Önnur mál

1. Ráðstefna 16. maí. Upplýsingar um ráðstefnuna eru komnar inn á heimasíðu FUM. Stjórnaraðilar þurfa að skipta með sér verkum við að fara yfir tillögur að erindum í samstarfi við samstarfsaðila. Málstofukall verður sent út mánudaginn 15. janúar. Umsóknir um erindi verða send inn í gegnum google form fyrir 15. febrúar.

Óvissa er um fjármögnun og kostnaðaráætlun vegna ráðstefnunnar. Ekki hafa enn fengist viðbrögð við beiðni um fjármagn ráðuneytisins. Leita þarf frekari leiða til að fjármagna ráðstefnuna.

Fundur með samstarfsaðilum til að fara yfir ágripin verður fundinn á næstu dögum með hjálp dúðlunnar.

2. Starfsemi FUM 2018

Aðalfundur og samræðuvettvangur. Á aðalfundinum verður vorráðstefnan kynnt og einnig er hann hugsaður sem vettvangur til samræðna. Gert er ráð fyrir erindi frá Henry Alexander um spillingu í menntun og/eða vinnumat í háskólum með hugsanlegan kynjahalla í huga.

Hvenær: Fimmtudagurinn 8. mars – kvöld eða í hádeginu laugardaginn 10. Mars. Kolbrún mun hafa samband við Ragnheiði hjá Hannesarholti og Henry varðandi tímasetningu. Ákveðið að nota Fésbókarhóp stjórnar til að fastsetja tíma og dagskrá aðalfundar.

3. Útgáfustarfsemi. Hermína Gunnþórsdóttir (ritstjóri) kom inn á fundinn og ræddi fyrirhugaðar breytingar á útgáfufyrirkomulaginu - vefumhverfi. Hún sagði vanta stuðning almennt um útgáfumálin og að nauðsynlegt væri að ráða verkefnastjóra til að koma þeim í betri farveg. Tímaritið er ekki nægilega sýnilegt. Hún varpaði einnig fram þeirri hugmynd að búa til sérrit FUM sem tengdist vorráðstefnu FUM. Ekki er ljóst hverjir eru fulltrúar FUM í ritnefnd TUM. Samningur Fum og Menntavísindasviðs er að renna út nú í janúar. Til stendur að halda fund um endurnýjun samnings og hefur Háskólinn á Akureyri hug á að koma að útgáfunni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15.

Birna Svanbjörnsdóttir, ritari